

Tillaga til 496. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 16. júní 2022

Samþykkt um öldungaráð – 2022030030

Tillaga frá bæjarstjóra um að bæjarstjórn taki til síðari umræðu og samþykki þannig breytingar á samþykkt um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar, nánar tiltekið breytingar á 7. tl. B liðar 48. gr. um öldungaráð, í samræmi við minnisblað sviðsstjóra dags. 14. janúar 2022, og breytingar á samþykkt um öldungaráð, sem samþykktar voru á 488. fundi bæjarstjórnar þann 20. janúar 2022.

Breytingar á 7. tl. B liðar 48. gr. samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar fela í sér að samkvæmt samþykkt um öldungaráð Ísafjarðarbæjar kýs bæjarstjórn þrjá fulltrúa og þrjá til vara, félög eldri borgara í Ísafjarðarbæ tilnefna þrjá fulltrúa og þrjá til vara, auk þess sem heilsugæslan kýs einn fulltrúa og einn til vara. Bæjarstjórn velur öldungaráðinu formann úr hópi öldungaráðsráðsmanna. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og bæjarstjórnar.